

Hvar verðum við árið 2020?

Hún var góð móðir
æsandi og blöðheitur elskhugi,
skilningsrík eiginkona, hafði náð
langt á vinnumarkaðinum.
Hún var virk í pólitík og
hafði fæsta tíma í líkamsræktinni.

Gluggarnir voru nýfægðir,
mottunar nýviðræðar
og allt húsið ilmaði af
nýbokuðu brauði
og heimalöguguðu appelsínarmarmeladði
- Þegar sjúkrabillinn kom.

Lena Holstein (lauslega þýtt).

Þetta ágæta ljóð lysisir trúlega veruleika margra kvenna í svokölluðum velferðarríkjum nú til dags.
En tæpast er þetta sú framtíðarsýn sem formæður okkar höfðu þegar þær fullar af bjartsýni og baráttuhug voru að berjast fyrir kosningarárétti og kvenfrelsi fyrr á þessari öld.

Þegar spáð er í framtíðina hlýtur maður að miða við nútíðina og ég hef kosið að taka út nokkur atriði nútíma velferðarþjóðfélags sem valda áhyggjum. Þetta á við öll velferðarþjóðfélög þó ísland sé í brennidepli. Ég hef að ásettu ráði kosið að nota dökku litina þegar ég dreg upp mynd af minni framtíðarsýn. Það er nauðsynlegt að búa sig undir það vonda því hið góða sakar ekki. Ég ætla líka að reyna að vera raunsæ og miða við þær staðreyndir sem blasa við.

Hvert stefnir nú á næstu árum:

Þrátt fyrir velferðina í okkar heimshluta eru mörg teikn á lofti sem valda áhyggjum.

Í samskiptum þjóða virðist sem óttinn við gereyðingu komi í veg fyrir að menn beiti þeim vopnum sem gætu eytt öllu lífi á jörðinni þó við ættum níu líf. Heimsfriður helst trúlega í aðalatriðum en enn er langt í að ófriði ljuki. Þjóðir í Afríku, Austurlöndum og Austur Evrópu eru skýrt dæmi um það. Og sú staðreynd að 90% þeirra sem líða fyrir nútíma styrjaldir eru konur og börn er sameiginlegt áhyggjuefní allra þeirra sem bera hæg þeirra fyrir brjósti.

Kjarnorka verður nýtt til friðsamlegra þarfa en ekkert mun þó koma í veg fyrir að slys verði í kjarnorkuverum af og til.

Tæknin heldur áfram að þróast með svipuðum leifturhraða og síðustu
áratugi.

Þar verður áhersla lögð á sjálfvirkni hvers konar og tölvan verður
lífssauðsynlegur hlutur þeim sem vill taka þátt í upplýsingabjóðfélaginu
því hvers konar upplýsingastreymi og samskipti munu fara fram í gegnum
tölву með hjálp fjarskiptatækni. Við getum séð fyrir okkur eina allsherja
stjórnstöð þar sem allt er sameinað sími, sjónvarp, útvarp, dagblöð,
uppflettirit, samskipti við opinberar stofnanir, banka og ýmis þátttaka í
félagslífi.

Þetta mun valda breytingum í heimilis og fjölskyldulífi, fólk getur nú
leyst ýmis mál heima hjá sér sem áður burfti að leysa í stofnunum með
ærinni fyrirhöfn, ferðalögum og kostnaði.

Það verður til dæmis ekki lengur vandamál að þegar börnin veikjast hjá
námsmönnum. Þeir stilla sjónvarpið á skólarásina og geta fylgst með
kennslustundinni að heiman. Samma gildir um ýmsa í atvinnulífinu. Þeir
geta unnið stóran hluta af vinnu sinni heima með því að vera í
fjarskiptatengslum við vinnustaðinn.

Sjúkdómar og heilsa:

Læknavísindin hafa bætt líf okkar svo stórlega að meðalaldur hefur
hækkað og er einna hæstur hér á Íslandi í heiminum. Trúlega á hann enn
eftir að hækka. En þrátt fyrir þessar miklu framfarir í læknavísindum
standa menn ráðþrota gegnvart sjúkdónum eins og eyðni. Hún virðist síður
en svo á undanhaldi og allt bendir til að hún verði einn helsti ógrívaldur
heilbrigðisþjónustu í framtíðinni.

Einnig munu ýmsir ofneyslusjúkdómar færast í vöxt svo sem af völdum
ofáts, ofdrykkju og eiturlýfjaneyslu. Svo virðist sem striðið við eiturlýfin
sé að tapast með hefðbundnum aðferðum. Meðan ástandið er þannig að
menn geta stórauðgæst á að selja eiturlýf mun ekkert stoppa þá við þá iðju.
Framtíðin gæti því orðið sú að heilbrigðiskerfið dreifði þessum efnum til
fíkla til að koma í veg fyrir veldi eiturlýfjabarónanna eins og gerð hefur
verið tilraun með t.d. í Amsterdam.

Atvinnulíf

Það sem hafa mun mest áhrif á atvinnulíf framtíðarinnar er að sjálfsgöðu
tæknilegar framfarir. Störfum í framleiðslugreinum fækkar en þeim
fjölgar í þjónustustörfum og menntun mun skipta æ meira máli á
vinnumarkaðinum. Einnig mun verða meira um eldra fólk sem sækir sér
endurmenntun eða símenntun þar sem ekki verður hægt að manna nýjar
stöður með ungu fólk. Trúlega mun fólk halda áfram að vinna mun lengur
en nú gerist þeði vegna þarfa þjóðfélagsins og lengra lífs. Atvinna
unglinga minnkar stórlega og dregið verður úr ofvernd atvinnuvega
Eldra fólk mun í ríkara mæli vinna í smáfyrirtækjum, sínum eigin eða
samvinnufyrirtækjum. Ég sé fyrir mér átræðar fullfrískar manneskjur
sem hafa stofnað með sér lítið samvinnufélag um ylrækt eða annað. Einnig
mun þeim fjölgja sem detta út úr atvinnu á miðjum aldri vegna ofneyslu af
ýmsu tagi eða úreltrar menntunar.

Fækkuð barneigna og lengra líf leiðir af sér að áherslan færst af æskunni
yfir á ellina. Þjóðfélagið verður þar með trúlega ihaldsamara.

Við Kvennalistakonur höfum mægssinnis bent á að við lifum í ótrúlega grímmu þjóðfélagi. Sú kynslóð sem nú er að alast upp hefur fengið að kynnast því. Aumar aðstæður margra barna sem nú eru að alast upp gætu haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í framtíðinni. Stórfjölskyldan er horfin, emman er horfin, sveitirnar eru hættar að vera borgarbörnum sumarskjól, þorpin eru að skreppa saman. Skilnaðarbörnum fjölgar og um leið eykst einstæðingsskapur margra þeirra. Hvaða áhrif mun þetta hafa? Í versta falli gæti það gerst að hér yrðu tvenns konar þjóðfélög. Auðnuleysingjar sem ekki hafa fengið þann stuðning og aðhald sem þarf til að verða nýtir þegnar og þeir sem verða ofan á „the bjútifúl people“, sem ekki hefur neinn áhuga á hinum en byggir sér sín minnismerki í grið og erg.

Rannsóknir hafa sýnt að of mikil sambjöppun og þrengsli valda hegðunarbreytingum á öpum, geðveiki. Slík einkenni má sjá í stórborgum þar sem fólk býr þróngt og er ekki í neinum tengslum við náttúruna. Við höfum nefnt það firringu og birtist hún í ýmsum myndum. Nýlega las ég í blaði frásagnir af börnum sem hefðu verið yfirgefin í Austur-Berlin þegar foreldrarnir sáu sér leik á borði að komast vestur yfir. Einn daginn voru þau bara ekki sótt á barnaheimilið, eða nágranninn heyrði sáran grát og fann lítil börn ein og yfirgefin og læst inni í íbúð sinni til að svelta til bana. Einnig höfum við ýmis dæmi t.d. frá Bandaríkjunum um að ofsatrúarstefnur hafa náð undirtökum þrátt fyrir upplýstan almenning.

Enn er þróunin í sambjöppun í borgum, einnig hér á Íslandi. Ég sé því fyrir mér ýmis firringarvandamál í líkingu við fyrrnefnd dæmi.

Menntunarmál hljóta að taka miklum breytingum. Þarfir atvinnulífsins fyrir stöðugt endurnýjaða menntun mun breyta áherslum í skólakerfinu. Minni áhersla verður á formlegan skóla en námskeið og fjarkennsla ýmis konar kemur á móti. Skálaganga barna mun byrja fyrr, 4-5 ára, verða samfelldari og ná yfir lengri tíma ársins þar sem starfsþjálfun kemur í stað sumarvinnu. Stúdentspráfi ljúka menn átján ára og hefja þá sémenntun sem verður í tiltölulega stuttum námsáföngum með atvinnureynslu á milli, ævilangt nám.

Landsbyggðamál

Atkvæðisréttur verður jafnaður og þau byggðarlög sem ekki eru á verði munu brjóta sig sjálf niður, en önnur munu sameinast og byggjast upp jafnvel svo vel að þar verði vettvangur þess besta sem þekkist í þjóðfélaginu.

Sama mun gilda með þjóðkirkjuna þar sem söfnuðir ekki sameinast og halda uppi kröftugu safnaðarlífi mun fólk snúa frá og leita annað.

Samantekið:

Ekki er þetta mjög björt mynd þó í henni séu ljósir punktar. En ég held að hún geti verið raunhæf eins og hvað annað ef framtíðin fær að þróast stefnulaust.

Spurningin er hvaða stefnu getum við mótað til að gera þetta framtíðarmálverk bjartara og meira aðlaðandi fyrir okkur og afkomendur okkar.

Sænski hagfræðingurinn Eva Sternberg hefur skilgreint hlutverk kvenna í mótnum framtíðarinnar. Þar talar hún um konur nýrra tíma, eða konur á 21. öld og mikilvægt hlutverk þeirra við að móta hið nýja samfélag

"Við erum stödd á þröskuldinum milli iðnaðarþjóðfélagsins, sem er að leysast upp, og nýrra tíma sem sumir kalla upplýsingaþjóðfélagið. Flestir gera sér grein fyrir að við getum ekki haldið áfram að skipta jarðarbúum í tvær fylkingar þar sem önnur fylkingin lifir á hinni. Við getum ekki heldur haldið áfram að vígvæðast fyrir 55 milljónir dollara á klst. meðan 65000 börn deyja á hverjum degi úr hungri og vosbúð.

Við hér á Norðurlöndum eיגum að hafa góðar aðstæður til að hefja nýjan lífsstíl sem byggir á nægjusemi og umhyggju fyrir náunganum. Við sjáum og skiljum að við verðum að skila jörðinni í betra lagi en við tókum við henni. Okkur ber því að byrja strax og vera öðrum verðug fyrirmynnd.

Hið nýja sjónarmið verður að byggjast á að hafa heildarsýn. Við verðum að hætta að skipta lífi okkar niður í aðskildar einingar þar sem atvinna, fjölskylda og tómstundir eru aðskildar.

Við höfum lifað margar stórar lífsháttabreytingar í sögu mannsins. Frá frumstæðum lifnaðarháttum til bændasamfélagsins og frá bændasamfélagini til iðnaðarsamfélagsins og nú stöndum við á þröskuldi nýrra lífsháttabreytinga. Við hverjar breytingar hefur ferðinni inn í nýja samfélagsgerð verið stýrt af þeim sem ekki höfðu góða reynslu af fyrra skipulagi. Þeir sem ekki voru góðir veiðimenn stofnuðu bændasamfélagið og þeir jarðlausu gengu fegins skrefum inn í iðnaðarþjóðfélagið. Því er það ekki að undra að það eru konur og ungt fólk sem hrópa hæst á nýtt samfélag. Það var fyrst í iðnaðarþjóðfélagini sem konur fengu náll í þjóðarframleiðslu, allt sem unnið var innan veggja heimilisins var einskis virði í þjóðhagsreikningum sem hafa verið algildur mælikvarði. Vinna kvenna í fyrirtækjum utan heimilis hefur verið lágt metin og valdapíramídinn, sem er skipulag og uppbygging í herjum og stríðsrekstri, hefur verið notaður sem stjórnunarmynstur í atvinnufyrirtækjum og konur því haft litla möguleika þar."

Konur virðast samt hafa meðfædda hæfileika til að skipuleggja og stjórna flóknum fyrirtækjum, sem eru heimilin. Einmitt sá hæfileiki mun nýtest konum í fyrirtækjarekstri framtíðarinnar en hann mun einkennast af smáfyrirtækjum, ýmist einka-, samvinnu- eða hlutafélagafyrirtækjum. Framtíðarhlutverk okkar kvenna verður að mótast nú fljótlega. Það getur vafist fyrir okkur af því að okkur sundlar dálitið á þröskuldinum en það er ekki eftir neinu að biða.

1. Við verðum að kveðja konuna sem hafði svo ógreinilegt hlutverk í iðnaðarsamfélaginu að hún varð að breyta sér í karlmann til að sjást og fá klapp. Hælda kröftuglega áfram þeirri stefnu Kvennalistans að það sé gott og jákvætt að vera kona og kvenleg sjónarmið séu eftirsóknarverð.
2. Við verðum að kveðja andvaraleysið í umgengni við náttúruna og halda áfram þeirri stefnu Kvennalistans að skoða mannlífið í samhengi við umhverfið.

3. Við verðum að kveðja hugleysið sem vldið hefur því að oft hefur skipt meira máli hvað aðrir segja um okkur eða hlæja að okkur fyrir heldur en velferð okkar og barna okkar. Við verðum að styrkja þá stefnu sem Kvennalistinn hefur mótað að þora að gera eða segja eitthvað óvenjulegt eða hallærисlegt ef það getur bætt stöðu okkar. Eins og Eva Starnberg orðar það:

"kjarkur okkar mun vaxa í takt við framtíðarsýnir okkar, við göngum fram í okkar eigin krafti, þeim krafti sem formæður okkar nýttu til að sigrast á hvers konar nauð. Við eigung að sitja á ystu grein og sjást og svífa upp og niður í vindinum og beina andliti okkar jafnt við sólu og regni. Við eigung að hætta að sitja og ríghalda um trjábolinn og brýsta andlitinu að berkinum og vona að karlarnir skápi okkur framtíð."

4. Við verðum að kveðja sóunarþjóðfélagið. Okkar kynslóð hefur sónað meira af auðlindum jarðar en allar kynslóðir samanlagt á undan okkur. Við verðum að leggja allt kapp á þá stefnu Kvennalistans að endurhæfa fólk í umgengni við móður jörð. Jafnvel þó ekki sé hægt að sýna fram á að það sé arðbær fjárfesting á sama hátt og reiknimeistarar gera við nýja álverksmiðju. En við vitum að skaparinn notar ekki sömu reiknikúnstir og reiknimeistarar iðnaðarráðuneytis svo við getum verið rólegar.

5. Að lokum verðum við að kveðja þá veraldar- og auðhyggju sem veldur svo margvislegri óhamingju í sambíligi manna.

Ég skynjaði mjög sterkt fánýti hins veraldlega í síðustu viku þegar ég var með dóttur minni og ungum syni hennar í spítalaheimsóknum. Barnadeildir spítelanna eru þéttsetnar veikum börnum og yfir þeim sitja ungar mæður og í sumum tilfellum einnig ungrir feður. Og mér varð ljóst að það er líf og heilsa barna okkar og barnabarna sem færir okkur hins sönnu hamingu.

Allt annað virðist fánýtt ef það er ekki fyrir hendi.

Og enn længar mig til að vitna beint í Eyu Starnberg:

"Við konur höfum skynjað hið andlega svið tilverunnar allt frá upphafi. Við sjáum heildina, hið heilaga í lífinu sem mæður, við að annast um fólk, uppfóstra, leiðbeina og rækta fæðu í sátt við móður jörð. Það er tímabært nú að upphefja það sem stendur utan við hinn veraldlega, vísindalega, einhliða hugsunarhátt og rækta með okkur hið andlega og freista þess að bæta þar með börn okkar og jörð."

at
Mín framtíðarsýn árið 2020 byggist því á því ~~hversu vel okkur~~ konum takast að ná fótfestu í hinu nýja þjóðfélagi og virkilega ná þeim áhrifum sem þarf til að byggja betri heim. Þó ekki takist að byggja hið fullkomna þjóðfélag held ég að við getum verið ánægðar með okkur ef okkur tekst að fara eftir þeim heilræðum sem hér hafa verið kynnt og við getum stoltar horft framan í afkomendur okkar þegar þeir heimsækja okkur í ellisambúlið til að fræðast um sögu 20. aldarinnar. "Já, með samstilltu átaki fenguðu við konurnar karlana með okkur á rétta leið og þess vegna lifið þið mannsæmandi lífi, væna míni."